


 **Upp og niður:** Hækka og lækka gildi, færa bendil á skjá.

  **Vinstri og hægri:** Færa bendil á skjá, breyta um skjá.

 **Stjarna:** Virkja bendil á skjá, hætta við breytingar.







 **Velja:** Velja gildi til breytingar, staðfesta val, fara á aðalskjá.


 **Stjórnatakki:** Upptog, stopp, og niðurrennsli.
Ef takkanum er haldið niðri í meira en 5 sek fer mótor í lausastöðu.




R1 1.30


Aðgerðir á aðalskjá: Ef bendill er óvirkur (ekkert merki blikkar á skjá) er hægt að stjórna vindu á eftirfarandi hátt.


- **Núllstillta dýpt:** Ýta á  á meðan vinda er í stopp stöðu.
- **Falskur botn:** Ýta á  í niðurrennsli til að setja falskan botn. Ýta á  í niðurrennsli til að slökkva. Halda inni  til að þá upp sprettiglugga með nánari stillingum.
- **Hægt útrennsli:** Ýta á  í niðurrennsli. Ýta á  í niðurrennsli til að slökkva.

 **Skjásíða 1:** Aðalskjár.


 **Fisknæmi:** (0-16) Stillir hversu mikinn þunga þarf til að vinda nemi fisk.


 **Afl:** (0-99) Stýrir hámarks afli í upptogi.


 **Keipafl:** (0-99) Stýrir hversu mikið átak er notað þegar keipað er.


 **Keiplengd:** (0-20m / 10,9fa / 65,6ft) Stillir lengd keips í einingakerfi vindu (grunnstillt sem metrar).

 **Grunnmál:** (0-20m / 10,9fa / 65,6ft) Stillir hversu nálægt botni neðsti hluti keipsins fer.


 **Skjásíða 2:** Veiði stillingar.


 **Botntími:** (0-990s) Stillir tíma sem líður milli þess að vinda leitar aftur á botni.


 **Biðtími uppi:** (0-99s) Stillir hversu lengi vinda stoppar uppi í hverju keipi.

 **Biðtími niðri:** (0-99s) Stillir hversu lengi vinda stoppar niðri í hverju keipi.




 **Tröppukeip:** (Af-Á)  **Fjöldi trappa:** Fjöldi trappa í tröppukeipi

 **Leirbotn:** (Af-Á) Stillir hvort ráðstafarnir séu gerðar til að leirbotn plati ekki vinduna til þess að halda að fiskur sé kominn á vegna tregðu í upp-keipi.

 **Botnnæmi:** (0-9,9s) Stillir hversu lengi slaki þarf að vera á línunni til þess að vinda nemi það sem botn.

 **Bremsa:** (0-30) Ef þetta er stillt á annað en 0, þá er slakaskynjarinn óvirkur og vinda heldur á móti í útrennsli og botn er skynjaður þegar línunni hættir að renna út.


 **Skjásíða 3:** Stillingar.

 **Slaki uppi:** Efsta staða slakaskynjaraarms. Valið með , armur settur í efstu stöðu og staðfest með 


 **Slaki niðri:** Neðsta staða slakaskynjaraarms. Valið með , armi haldið niðri of staðfest með 


 **Botntökuslaki:** (0-48) Segir til um hversu mikinn slaka þarf til að botn sé skynjaður.


 **Hámarks hraði niður/upp:** (0-500) Stillir hámarks hraða vindu niður eða upp í RPM (snúningar á mínútu)

 **Þyngd sökku:** (2-5) Þyngd sökkunar sem er á línunni. Þetta hefur áhrif á aflstýringu og fisknæmi.

 **Stopp í núlli:** (Af-Á) Stillir hvort vinda hættir að draga upp línuna þegar dýpt er 0 eða hvort hún haldi áfram.


 **Lengd girnis:** (10-999m / 5.4-546.2fa / 32.8-3277.5ft) Lengd girnis á hjólinu. Notað í dýptarútreikninga.

 **Þvermál girnis:** (1-50mm) Þvermál girnis á hjólinu. Notað í dýptarútreikninga.


 **Endurstilling:** Breytir öllum stillingum aftur í grunnstillingar.

4 Skjásíða 4: Keip stillingar.




 **DNG keip:** Grunnstilling á keipi.

 **Hraðastýrt keip:** (Af-Á) Stillir hvort vindan gefi út línuna á hámarkshraða (Af) eða á niðurkeipshraða (Á).

 **Niðurkeipshraði:** (0-500) hámarks hraði niðurkeips ef kveikt er á hraðastýrðu keipi.


 **Hæg aflaukning:** (0-20m / 10,9fa / 65,6ft) Lengd sem vinda notar til að fara í hámarkshraða ef fiskur er á.


 **Flækjuskynjun:** (0-10) Stillir hversu oft slaki má myndast á línunni áður en vindan ákveður að hún sé flækt.

 -  **Eigið keip:** Með sprettiglugga opinn, ýta á  til að búa til nýtt keip og svo aftur til að vista keip. Ýta á  til að velja keip.



5 Skjásíða 5: Veiðikerfi. Þessi skjásíða er í 2 pörtum, skipt er um síðu með því að færa bendil upp eða niður.




 **DNG grunnkerfi:** Grunnstilling á veiðikerfi.

 **Beituveiði:** Vindan stoppar efst og neðst í hverju keipi, hægt keip, lág fisknæmni.


 **Ufsaveiði:** Hröð keip, há fisknæmni og kraftmikið upptog.


 **Tröppukeip**  **Smokkfiskaveiði**  **Makrílveiði**  **Makrílveiði með DNG-FS1 makrílbúnaði**

 **Bremsukerfi**  **Spil:** Kerfi fyrir hífingu á línu. Eingöngu hífing og stopp.


   **Leitarkerfi:** (Alleit, Botnleit, Yfirborðsleit)

6 Skjásíða 6: Ýmsar stillingar.

 **Birtustig:** (0-10) Birtustig skjás.







 **Flauta:** (Af-Takkar-Keip-Allt) Stillir hvort vinda flauti þegar ýtt er á takka eða hún nemur fisk á línunni.


 **Flautudýpt:** (0-20m / 10,9fa / 65,6ft) Stillir hvort vinda flautar í upptogi og á hvaða dýpi.

 **Sjálfkrafa niður:** (0-30s) Ef stillt er á annað en „Af“ mun vindan senda línuna aftur niður eftir þetta langan tíma eftir upptog.

 **Aflstuðull:** (0%-100%) Stillir mýkt í upptogi, með því að takmarka afl.

 **Eining:** (m-ft-fa) Stillir hvaða einingakerfi vindan notar. Metra, fet, eða faðma.

  **Þjófavörn:** (Ólæst-Læst) Til að læsa vindunni með PIN kóða er þessi stilling opnuð og ýtt er á . Þá er beðið um talnakóða sem er stilltur með örvatókkunum og svo staðfestur með . Svo þarf að slá inn kóðann aftur til staðfestingar. Merkið á valmyndinni breytist úr opnum lás yfir í læstan lás til að staðfesta að læsing er virk. Til að slökkva á læsingu er læsing opnuð og ýtt er á  og svo . Ef læsing er virk mun vindan biðja um PIN númer þegar kveikt er á henni. Það er mjög mikilvægt að muna PIN númerið því annars þarf að senda vinduna á verkstæði til að breyta því.

 **Einföld stilling:** (Af-Á) Ef kveikt er á einfaldri stillingu breytist fyrsti skjárinn í tvo mismunandi skjái. Fyrri skjárinn mun eingöngu sýna dýpt, gervibotn, núverandi veiðikerfi, og stöðu slakaarms. Á seinni skjánum sjást einnig þær stillingar sem venjulega eru á fyrsta skjá. Ekki er hægt að stilla samskipta eiginleika eða WiFi stillingar á meðan kveikt er á einfaldri stillingu.